

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Gróttu fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalstarfsemi Knattspyrnudeildar Gróttu er þjálfun knattspyrnumanna í öllum flokkum karla og kvenna, þátttaka í knattspyrnumótum og önnur starfsemi þessu tengd.

Tap af rekstri Knattspyrnudeildar Gróttu á árinu 2021 nam kr. 2.446.012. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 18.362.189, bókfært eigið fé í árslok er kr. 15.316.807 og er eiginfjárlutfall félagsins 8,3%. Það er mat stjórnar að ekki sé vafi á rekstrarhæfi Knattspyrnudeildar Gróttu. Stjórn knattspyrnudeildar hefur verið að vinna að aukinni tekjuöflun og hefur þegar gengið frá samningum við núverandi og nýja samstarfsaðila sem munu auka tekjur félagsins á komandi mánuðum og misserum.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun á afkomu ársins. Stjórn félagsins leggur til að afkoma ársins verði flutt til næsta árs.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnudeildar Gróttu að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 16. febrúar 2022

Í stjórn Knattspyrnudeildar Gróttu

Þorsteinn Ingason, formaður

Harpa Frímansdóttir, varaformaður

Rögnvaldur Dofri Pétursson, gjaldkeri

Alexander Jens Hjálmarsson, meðstjórnandi

Krístín Huld Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi

Margrét Dagbjört, meðstjórnandi

Pétur Ívarsson, meðstjórnandi

Rúna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri

Kári Garðarsson